



Áætlaður tími: Tvær kennslustundir (80 mín). Fyrri kennslustund fer í að vinna verkefnið og seinni kennslustundin fer í kynningar frá hópnum.

Verkefnið snýr að því að láta hópinn svara í sameiningu 10 spurningum.

Nemendum er parað saman í hópa, fá spurningu og 20–30 mínútur til að finna svar við spurningunni. Þau mega ekki sýna öðrum en þau í sama hóp spurninguna sína fyrr en við lok verkefnisins. Þau eiga að setja upp svarið og heimildir þannig þau geta sýnt það á skjávarpa/sjónvarpi, t.d. í Powerpoint eða Word, og kynna spurninguna og svarið fyrir bekknum. Þau eiga að nota netið en ekki bækur til að finna svörin við spurningunum sínum til að æfa sig í að finna áreiðanlegar upplýsingar á netinu.

Svarið á að vera stutt og hnitmiðað, má ekki vera bara copy/paste af netinu. Hver kynning ætti að taka 2–4 mínútur.

Þau þurfa að kynna:

- Spurninguna sína
- Svar við spurningunni
- Hvar þau fundu svarið og afhverju sú heimild er áreiðanleg

Heimildir

Gott er að spyrja bekkinn áður en verkefnið hefst (svörin þurfa ekki endilega að tengjast kynlífi/kynheilbrigði):

- Hvort þau viti hvað áreiðanlegar heimildir eru?
- Hvernig er hægt að vita hvort eitthvað sé áreiðanleg heimild og óáreiðanleg heimild?
- Nefnið dæmi um áreiðanlega og óáreiðanlega heimild?

Dæmi um áreiðanlega heimild varðandi kynheilbrigði er til dæmis Heilsuvera.is, Ástráður.is, sjukast.is, kennslufni á mms.is, á meðan óáreiðanlegri heimild væri myndband á Tiktok eða öðrum samfélagsmiðlum eða fréttasíða þar sem við vitum jafnvel ekki hver skrifaði fréttina, eitthvað blogg frá aðila sem vinnur ekki við, eða er ekki menntaður á sviði kynheilbrigði.

Markmið:

1. Nemendur öðlist dýpri skilning á kynlífi og kynheilbrigðistengdum málum með heimildaleit.
2. Nemendur læri hvernig á að meta upplýsingar á gagnrýninn hátt og nota áreiðanlegar heimildir til að finna svör við spurningunum sem snúa að kynlífi og kynheilbrigði.
3. Efla samskiptahæfni um kynlíf og kynheilbrigðistengd málefni með því að vinna verkefni með samnemenda og kynna svörin við spurningunum fyrir samnemendum sínum.

Það sem þú þarft:

1. Prenta út spurningar um kynheilbrigði á næsta blaði, brjóta saman miðana og setja í skál eða annað ílát.
2. Aðgangur að nettengdri tölvu.
3. Blöð / skriffæri ef þau þurfa.
4. Skjávarpa/ Sjónvarp til að sýna svör og heimildir.

Verkefnið:

- Parið nemendur tvö og tvö saman eftir stærðarröð eða afmælisröð, svo uppröðun sé tilviljunarkennd. Ekki para saman eftir kyni eða vinasamböndum.
 - Nemendur eiga að æfa sig í að tala um kynlíf og kynheilbrigðistengda hluti við öll, ekki bara bestu vini þeirra.
- Tilkynnið hópnum áður en þau fá spurninguna sína, að bara þau tvö megi sjá spurninguna sína þangað til verkefninu er lokið. Þau skulu því ekki lesa upp spurninguna né sýna öðrum.
- Leyfið hverjum hóp að draga spurningu.
- Minntu nemendur á að nota áreiðanlegar heimildir og að meta áreiðanleika þeirra.
- Settu tímamörk fyrir leit að svari (20–30 mínútur), þau senda þér svo skjalið/verkefnið svo þú getur opnað á skjáinn fyrir hópinn.

Nemendur kynna spurningu og svör sín fyrir bekknum.

Þau þurfa hafa eftirfarandi upplýsingar:

- Hver er spurningin?
- Hvert er svarið?
- Hvar fundu þau svarið og hvernig vita þau að það sé áreiðanleg heimild?

Við lok verkefnisins:

- Hvernig fannst nemendum þetta verkefni?
- Var erfitt að finna svarið / var erfitt að finna áreiðanlegar heimildir?
- Hvað gera þau vanalega þegar þau hafa spurningu um kynlíf?

Hvað er kynþroski?

Hvað er túr og afhverju fara ekki allir á túr?

Af hverju er byrjuð að koma svitalykt af sumum í bekknum?

Af hverju fá sumir mikið skegg en aðrir bara lítið skegg?

Geta stelpur og strákar verið bara vinir?

Af hverju verður typpið hart og það er standpína? Fá þú líka standpínu?

Afhverju er fólk með geirvörtur?

Hvað er sjálfsfróun og afhverju gerir fólk það?

Hvenær hættir líkaminn að breytast? Er það eftir kynþroska eða breytist hann alla ævi?

Er hægt að verða óléttur í sundi? Geta sæðisfrumur synt í sundi?